Dalabyggð
B.t Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Borgarnes, 14. janúar 2020
Tilvísun: 2020010104
BRA/
Tilv. ykkar:

**Efni: Vestfjarðarvegur (60-10): Skriðuland - Brunná - Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Balabyggðar vegna framkvæmda skv. 13. Málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar og endurbóta á Vestfjarðarvegi (60): Skriðuland – Brunná. Fyrirhuguð framkvæmd er á um 1,3 km kafla og liggur um lönd Neðri – Brunná (137876), Efri-Brunná (137847) og Máskelda (137873).

Meðfylgjandi eru upplýsingar um framkvæmdina.

Ef frekari upplýsinga er óskað, þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða, Birgittu Rán Ásgeirsdóttir í síma 522-1544 eða með tölvupósti á netfangið: birgitta.r.asgeirsdottir@vegagerdin.is

Virðingarfyllst,

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir



# 5

## Vestfjarðavegur (60-10)

### Skriðuland – Brunná

### Breikkun og endurbætur

## Dalabyggð

# Umsókn um framkvæmdaleyfi

VEGAGERÐIN

Janúar 2020

# 1. Almennt

Vegagerðin áformar að breikka veg, laga vegrásir og laga yfirborð Vestfjarðarvegar (60-10): Skriðuland – Brunná. Verkið er á um 1,3 km löngum kafla.

Í aðalatriðum er um að ræða breikkun og styrkingu vegarins þar sem fylgt verður núverandi vegi. Áætlað er að verkinu verði að fullu lokið 1. september 2020

Framkvæmdin liggur í gegnum lönd Neðri – Brunná, Efri- Brunná og Máskeldu.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er sýnt á meðfylgjandi teikningum.

Markmið framkvæmdarinnar er að gera núverandi Vestfjarðarveg öruggari með því að auka burð vegarins ásamt því að breikka hann.

## 1.1 Umferð

Samkvæmt umferðatölum frá árinu 2018 er umferð á Vestfjarðarvegi nr. 60-10 á útboðskaflanum eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| Ársdagsumferð | (ÁDU) | 492 bílar/sólarhring |
| Sumardagsumferð | (SDU) | 870 bílar/sólarhring |
| Vetrardagsumferð | (VDU) | 180 bílar/sólarhring |

SDU er meðalumferð á dag yfir sumarmánuðina (júní – september), ÁDU er meðalumferð á dag yfir árið og VDU er meðalumferð á dag yfir vetrarmánuðina (desember-mars).

Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif a umferðartölur.

# 2. Efnistaka

Efnisþörf til verksins hefur verið áætluð um 5.800 m$^3$ og er gert ráð fyrir því að allt efni í veginn komi úr námum eða skeringum.

Efnistakan er áformuð á eftirfarandi stöðum:

- Námu A – Stallar - Króksfjarðarnes (19598) : 3.800 m$^3$
- Skeringar – 2000 m$^3$

# 3. Náttúrufar og landslag

Verkið fellur að gildandi skipulagsáætlunum og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúrufyrirbrigði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1997 um náttúruvernd. Stærð náma verður undir viðmiðunarmörkum.

Vegagerðin mun sækja um öll leyfi sem þarf áður en framkvæmdir hefjast.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun Vegagerðin bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sé mengun.

Að loknum endurbótum á veginum verða vegfláar víða meira aflíðandi og frágangur kanta verður betri en á núverandi vegi.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sýnt á eftirfarandi teikningum:

1. Yfirlitsmynd  mkv. 1:10.000
2. Grunnmynd/Langsnið Stöð 6000-6500




Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin




| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Vestfjarðarvegur<br>Skriðuland - Brunná | Dags. 12.12.2019 |
| Mælikvarði 1:10.000 | Hannað BRA | | Útboðsnr. - |
| | Teiknað BRA | Yfirlitsmynd | Vegnr. 60-10 |
| | Yfirfarið - | | Hönnunarstig Verkhönnun |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | 6000-7340 | Teikn. nr. B-02 / Útg. - |

S:\Mannvirki\6\60-Vestfjarðavegur\60-10 Gilsfjörður\Verkhönnun\Teikningar\60-10_ver_2019.11_UmSaurbæ.dgn

S:\Mannvirki\6\60-Vestfjarðavegur\60-10 Gilsfjörður\05 Verkhönnun\Teikningar\60-10_ver_2019.11_UmSaurbæ.dgn







Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin




0 40 80 120 160 200m

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Vestfjarðarvegur<br>Skriðuland - Brunná | Dags. 6.12.2019 |
| Mælikvarði 1:4.000 | Hannað BRA | | Útboðsnr. - |
| | Teiknað BRA | Grunnmynd/Langsnið | Vegnr. 60-10 |
| | Yfirfarið - | 6000-7360 | Hönnunarstig Verkhönnun |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | | Teikn. nr. D-01 / Útg. - |